



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við afhendingu  
Íslensku bókmenntaverðlaunanna,  
Bessastöðum  
26. janúar 2021**

Ágætu rithöfundar og útgefendur,  
áheyrendur nær og fjær.

Ég býð ykkur velkomin og þakka ykkur fyrir að fylgjast með þessari hátíðarstundu sem nú er sannarlega með öðrum brag en áður. Á ýmsu gengur í þjóðlífinu þessa daga sem endranær. Við glímum enn við veirufjanda og víða hefur veturinn verið harður. Ég sendi þeim hlýjar kveðjur sem búa við hættu af snjóflóðum og skriðuföllum, þeim sem orðið hafa fyrir búsigjum eða hafa þurft að yfirgefa heimili sín og vinnustaði um lengri eða skemmri hríð. Saman höfum við líka sýnt hluttekningu eftir þungbært bísllys í vetrarhörku; og við dáumst að þeim sem komu á vettvang og gerðu sitt allra besta í erfiðum aðstæðum.

Í máli okkar og bókum eigum við mörg orð um veður og vetur, ef til vill fleiri en gengur og gerist meðal annarra þjóða. Það segir sitt um líf okkar í harðbýlu landi, kynslóð af kynslóð. Hér hafa sum harðindaár fengið sitt eigið nafn. Fyrir langa löngu á sautjándu öld brustu þannig á í nær samfelldri striklotu Lurkur, Píningsvetur og Svellavetur, Frostaharðindisvetur, Jökulvetur og Hvítivetur og tel ég þó ekki upp öll þau hallæri sem yfir dundu.

Nú er öldin önnur því að nú getum við flest notið þess að heyra vindinn gnauða úti, sitja inni í hlýju, og því ekki með góða bók í hönd? Því ekki að gefa okkur tíma til þess ef tók eru á? Þurfum við kannski að vera duglegri við það í amstri dagsins, að gefa okkur tíma? Sé svo, eru bækur fyrirtaks hjálpartæki. Þær fara ekki neitt frá manni, reka ekki á eftir manni. Bækur glæða skilning, þroska

orðaforða, örva ímyndunarafli. Þær geta fært okkur um stund í tilbúna heima og sagt okkur svo margt um sögu og samtíð, veruleika og náttúru. Þær geta glætt huga barna og ungmenna, skemmt þeim og skýrt veröldina, og það er nú þjóðþrifaverk.

„Þegar dagur rís spyrjum við okkur hvort ljós má sjá í löngum drunga.“ Eitthvað á þá leið segir í kvæðinu góða sem Amanda Gorman flutti vestanhafs í síðustu viku. Skáldskapur og fræði geta flutt okkur sannindi um harðan heim – en skáldskapur og fræði geta einnig vakið von, eftir bjartsýni sem byggist á raunsæi. „Ísland fær tíðum hallæri,“ viðurkenndi Hannes biskup Finnsson í ritinu Mannfækkun af hallærum sem hann samdi rétt eftir Móðuharðindin skelfilegu, rakti þar kuldaveturna sem áður var getið, farsóttir, eldgos og aðra óáran. En hann horfði samt björtum augum fram á veg. Ísland er ekki óbyggilegt – það var niðurstaðan þá og sú er hún enn.

En til hvers að búa hér ef við hlúum ekki að menningu og mannlífi? Ef við hlúum ekki að tungumálinu, sem við viljum að sé talað hér, málinu, sem við viljum að þeir sem hingað flytjast fái aðstoð við að læra, málinu, sem við ættum að skipa verðugan sess í stjórnarskrá, málinu sem við ættum að geta notað í öllum okkar samskiptum við nútímans tæki og tól?

Hér í lokin skora ég því á landsmenn að skella sér á síðuna samromur.is á netinu og leggja þar orð í belg, leggja inn í orðabanka og stuðla þannig að því að tungumálið okkar dafni í stafrænum heimi. Samromur.is – mér liggur við að segja að sú síða sé að heita má eini staðurinn á netinu þar sem málflutningur er alveg örugglega til góðs.

Kæru landsmenn: Við þurfum ekki að örvænta, íslensk tunga lifir góðu lífi. Hún þróast og breytist eins og hún hefur alltaf gert, en við verðum bara að geta notað hana hvar sem er og hvenær sem er hér á landi.

Nú er röðin komin að Snorra Helgasyni. Hann syngur og leikur á gítar eigið lag sem ber heitið Eyvi. Að því loknu tekur hér til máls Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.